



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

FYRIRLESTUR VIÐ HARVARD HÁSKÓLA YFIRHEYRSLA Í ÖLDUNGADEILD BANDARÍKJAFINGS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flytur síðar í dag opunarfyrirlestur í nýrri röð fyrirlestra við Harvard háskólann í Boston. Fyrirlestraröðinni sem ber heitið *Framtíð orkunnar* (The Future of Energy) er ætlað að opna nýja sýn á skipan orkumála á 21. öldinni og hvernig hægt er að virkja nýjar orkulindir svo að efnahagslegar framfarir jarðarbúa leiði ekki til hættulegra breytinga á loftslagi veraldar. Fyrirlesturinn verður fluttur kl. 17 að staðartíma í Science Center Lecture Hall B.

Fyrir um daginn mun forseti eiga fundi með dr. Daniel Schrag forstöðumanni Umhverfismiðstöðvar Harvard háskóla og stúdentum við skólann.

Á morgun, miðvikudaginn 26. september, kl. 10 að staðartíma mun forseti flytja í Washington vitnisburð fyrir orkunefnd Öldungadeildar Bandaríkjaþings (Committee on Energy and Natural Resources; fundarsalur 366 í Dirksen Senate Office Building) í vitnaleiðslum nefndarinnar (Senate Hearing) í tengslum við frumvarp um stórfellda eflingu á nýtingu jarðhita í Bandaríkjunum. Forsetinn mun svara fyrirspurnum Öldungadeildarþingmanna en slíkar yfirheyrslur eru reglubundinn þáttur í stefnumótun og löggjafarstarfi Bandaríkjaþings.

25. september 2007

Nánari upplýsingar um ferð forseta til Bandaríkjanna veita Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og skrifstofa forseta Íslands (540 4400).